

Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund ADHD samtakanna 2022

1. Liður: Breyting á tímamörkum aðalfundar

- A. Í 2. málsgrein, 6. greinar laganna breytast orðin „í mars mánuði“ í „fyrir lok apríl mánaðar“

Fyrir breytingu hljóðar 2. málsgrein 6. greinar í heild svo:

„Aðalfund skal halda **í mars mánuði** ár hvert. Til hans skal boðað með sérstöku fundarboði sem sent er félagsmönnum með að minnsta kosti viku fyrirvara og er hann þá lögmætur. Sömuleiðis skal tilkynnt um hann í fjölmiðlum.“

Eftir breytingu, verði breytingartillagan samþykkt, hljóðar 2. málsgrein 6. greinar í heild svo:

„Aðalfund skal halda **fyrir lok apríl mánaðar** ár hvert. Til hans skal boðað með sérstöku fundarboði sem sent er félagsmönnum með að minnsta kosti viku fyrirvara og er hann þá lögmætur. Sömuleiðis skal tilkynnt um hann í fjölmiðlum.“

Skýring/greinargerð/ástæða breytingar:

Í einstaka tilfellum, s.s. þegar Páska ber upp undir eða um mánaðarmótin mars/apríl og/eða ársreikningaskil eru með seinna móti, hefur reynst full knappt að halda aðalfund fyrir lok mars mánaðar. Hér hefur verið um undantekningartilfelli að ræða og þessi breyting einungis ætluð til að mæta aðstæðum af slíku tagi.

2. Liður:

- A. Breytingartillögur við 1. grein laganna:

- i. Við 1. málslíð, 1. greinar laganna bætist skammstöfunin „fta.“ fyrir aftan nafn samtakanna.
- ii. Á eftir 3. málslíð 1. greinar laganna bætist við nýr málslíður, 4. málslíður, svohljóðandi: „Félagið starfar samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.“

Fyrir breytingu hljóðar 1. grein í heild svo:

„Nafn samtakanna er: ADHD samtökin. ADHD er alþjóðleg skammstöfun fyrir Attention Deficit Hyperactivity Disorder eða á íslensku, athyglisbrestur með eða án ofvirkni og skyldar raskanir. ADHD samtökin eru landssamtök. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.“

Eftir breytingu, verði breytingartillagan samþykkt, hljóðar 1. grein í heild svo:

„Nafn samtakanna er: ADHD samtökin **fta**. ADHD er alþjóðleg skammstöfun fyrir Attention Deficit Hyperactivity Disorder eða á íslensku, athyglisbrestur með eða án ofvirkni og skyldar raskanir. ADHD samtökin eru landssamtök. **Félagið starfar samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla**. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.“

- B. Breytingartillögur við 3. grein laganna:

- i. Við 3. grein laganna bætist nýr málslíður svo hljóðandi: „Fjármagni sem samtökunum áskotnast skal að öllu leyti varið til reksturs og hlutverks samtakanna.“

Fyrir breytingu hljóðar 3. grein í heild svo:

„Hlutverk samtakanna er að vera fræðslu- og stuðningssamtök um málefni ADHD.“

Eftir breytingu, verði breytingartillagan samþykkt, hljóðar 3. grein í heild svo:

„Hlutverk samtakanna er að vera fræðslu- og stuðningsamtök um málefni ADHD.

Fjármagni sem samtökunum áskotnast skal að öllu leyti varið til reksturs og hlutverks samtakanna.“

C. Breytingartillögur við 5. grein laganna:

i. Við fyrirsögn 5. greinar bætast orðin „og önnur fjármögnun“

ii. Við 5. grein bætist ný málsgrein svohljóðandi:

"Samtökin fjármagna sig einnig með styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum, sölu á vörum og þjónustu, og öðrum tilfallandi fjáröflunum.“

Fyrir breytingu hljóðar 5. grein, með fyrirsögn, í heild svo:

„5. grein – félagsgjöld

Félagsmönnum er skylt að greiða það félagsgjald sem aðalfundur ákveður. Ef félagsmaður er með ógreidd félagsgjöld samtals í 3 ár er heimilt að fella félagsmann út af félagaskrá án viðvörunar.“

Eftir breytingu, verði breytingartillagan samþykkt, hljóðar 5. grein, með fyrirsögn, í heild svo:

„5. grein – félagsgjöld og önnur fjármögnun

Félagsmönnum er skylt að greiða það félagsgjald sem aðalfundur ákveður. Ef félagsmaður er með ógreidd félagsgjöld samtals í 3 ár er heimilt að fella félagsmann út af félagaskrá án viðvörunar.

Samtökin fjármagna sig einnig með styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum, sölu á vörum og þjónustu, og öðrum tilfallandi fjáröflunum.“

D. Breytingartillögur við 6. grein laganna:

i. Í 3. málslíð, 7. málsgreinar, 6. greinar breytast orðin „3/4 hlutar fundarmanna“ í „minnst 3/4 hluta greiddra atkvæða“

Fyrir breytingu hljóðar 7. málsgrein, 6. greinar í heild svo:

„Lögum samtakanna verður aðeins breytt á aðalfundi þeirra. Skriflegum tillögum þar að lútandi skal skila til stjórnar félagsins, áður en til aðalfundar er boðað, með rafrænum eða öðrum rekjanlegum hætti og skal þeirra sérstaklega getið í fundarboði, svo sem nánar er tilgreint í 2.mgr. hér að ofan. Lagabreyting telst samþykkt ef ¾ hlutar fundarmanna á löglega boðuðum aðalfundi greiða henni atkvæði.“

Eftir breytingu, verði breytingartillagan samþykkt, hljóðar 7. málsgrein, 6. greinar í heild svo:

„Lögum samtakanna verður aðeins breytt á aðalfundi þeirra. Skriflegum tillögum þar að lútandi skal skila til stjórnar félagsins, áður en til aðalfundar er boðað, með rafrænum eða öðrum rekjanlegum hætti og skal þeirra sérstaklega getið í fundarboði, svo sem nánar er tilgreint í 2.mgr. hér að ofan. Lagabreyting telst samþykkt ef **minnst ¾ hluta greiddra atkvæða** á löglega boðuðum aðalfundi greiða henni atkvæði.“

E. Breytingartillögur við 7. grein laganna:

i. Á eftir 1. málslíð, 9. málsgreinar, 7. greinar laganna bætist nýr málslíður svohljóðandi: „Meirihluti stjórnar ritar firma samtakanna.“

Fyrir breytingu hljóðar 9. málsgrein, 7. greinar í heild svo:

„Stjórnin getur tekið ákvarðanir þegar að minnsta kosti fimm aðalstjórnarmenn eru mættir. Aðal- og varamönnum skal sent endurrit fundargerða eftir hvern stjórnarfund.“

Eftir breytingu, verði breytingartillagan samþykkt, hljóðar 9. málsgrein, 7. greinar í heild svo:

„Stjórnin getur tekið ákvarðanir þegar að minnsta kosti fimm aðalstjórnarmenn eru mættir. **Meirihluti stjórnar ritar firma samtakanna.** Aðal- og varamönnum skal sent endurrit fundargerða eftir hvern stjórnarfund.“

F. Breytingartillögur við 9. grein laganna:

i. 1. málsliður, 9. greinar orðist svo:

„Félagið má leysa upp á aðalfundi hafi tillaga þess efnis verið auglýst í aðalfundarboði og tillagan er samþykkt af minnst $\frac{3}{4}$ hluta greiddra atkvæða.“

Fyrir breytingu hljóðar 9. grein í heild svo:

„Félagið má leysa upp á aðalfundi ef það er samþykkt af 2/3 félaga. Ef ákveðið verður að leysa upp félagið, ber aðalfundi að sjá til þess að eigur félagsins verði nýttar til þess að auka skilning á og fræðslu um ADHD.“

Eftir breytingu, verði breytingartillagan samþykkt, hljóðar 9. grein í heild svo:

„Félagið má leysa upp á aðalfundi **hafi tillaga þess efnis verið auglýst í aðalfundarboði og tillagan er samþykkt af minnst $\frac{3}{4}$ hluta greiddra atkvæða.** Ef ákveðið verður að leysa upp félagið, ber aðalfundi að sjá til þess að eigur félagsins verði nýttar til þess að auka skilning á og fræðslu um ADHD.“

G. Ný 10. grein laganna:

i. Við lög bætist ný grein, 10 grein, svohljóðandi:

„Þar sem ákvæði þessa samþykka segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.“

Skýring/greinargerð/ástæða breytingar:

Með lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, og lögum nr. 32/2021 um Almannaheillaskrá skattsins, urðu merkileg þáttaskil í þróun starfsumhverfis samtaka sem vinna að almannaheill á Íslandi. Lögin gjörbreyta að mörgu leyti starfsumhverfi félagasamtaka sem vinna að almannaheillum sem og reglum um skattgreiðslur þessara samtaka með skattalegum hvötum fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að styðji slíka almannaheillastarfsemi í ríkari mæli en áður.

„Vonir standa til að hvoru tveggja lögin muni hafa veruleg áhrif til góðs á starfsemi almannaheillasamtaka, lögin um félög til almannaheilla með betri skilgreiningu á rekstrarformi félaga sem falla undir lögin, sem verði til að auka tiltrú og traust á þessum samtökum og geri þau betur fær um að sinna mikilvægum samfélagslegum verkefnum. Skattabreytingarnar ættu síðan að styrkja fjárhagslegar stoðir undir starfsemi margra almannaheillasamtaka, efla fjárhag þeirra og gera þeim betur en áður kleift að glíma við verkefni sín með áhrifaríkum hætti.“

Með tilkomu laganna mun jafnframt komast betri regla á stjórnhætti félaga sem starfa á þessu sviði. Þær kröfur sem nýju lögin gera til slíkra félaga munu um leið gera bæði félagsmönnum og styrktaraðilum auðveldara að fylgjast betur með bæði verkefnum og hvernig fjármunir nýtast. Einnig geta opinberir aðilar nýtt þá heimild sem að lögin færa

þeim til að binda styrkveitingar og úthlutun rekstrarsamninga til félaga því skilyrði að þau séu á almannaheillaskrá.

ADHD samtökin hafa þegar fengið skráningu á Almannaheillaskrá skattsins, en þær breytingar sem hér eru lagðar til á samþykktum ADHD samtakanna, eru nauðsynlegar til að samtökin geti í framhaldinu, óskað eftir að verða skráð sem félag til almannaheilla, samkvæmt hinum nýju lögum.